



SKÝR ÁVINNINGUR ÖFLUGRAR MARKAÐSSTOFU

SAMANTEKT VINNUSTOFU

26. APRÍL 2021



MARKAÐSSTOFA
HAFNARFJARÐAR



Markaðsstofa Hafnarfjarðar
**HREYFIAFL FYRIR
ATVINNULÍF OG
BÆJARBRAG**

VERTU MED


NÓTERA

SVIÐSMYND OG KJARNASPURNING

Árið er 2026 og Markaðsstofa Hafnarfjarðar hefur vakið verðskuldaða eftirtekt fyrir vel unnin störf í þágu hafnfirskis atvinnulífs. MSH hefur orðið öðrum að fyrirmynd og önnur sveitafélög vilja taka upp sama fyrirkomulag. Mikil ánægja ríkir í bænum meðal atvinnurekenda og álitsgjafar virðast sammála um það, að góða stöðu megi rekja til skýrrar stefnu sem mótuð var og fylgt eftir í markmiðasetningu MSH árið 2021.

Kjarnaspurning vinnufundar:

„Hvað er það sem þið hafið gert svona vel síðan 2021?“



Nýsköpun, stofnun & endurstaðsetning atvinnustarfsemi innan Hafnarfjarðar er augljós valkostur.

- 1 Góður rekstur sjálfbærrar starfsemi**
Markaðsstofa Hafnarfjarðar er vel rekin og sjálfbær stofa með skýra sýn og samstiga stjórn
- 2 Miðstöð tengslamyndunar í gegnum góða þjónustu**
Markaðsstofa Hafnarfjarðar veitir afburða þjónustu, skipuleggur vel sóttar viðburði og býður upp á hagnýta fræðslu sem styrkir þannig tengslanet atvinnulífs í bænum. Stofan er megin viðkomustaður allra fyrirtækja, bæði nýrra og rótgróinna.
- 3 Virkur samstarfsvettvangur fyrirtækja í Hafnarfirði**
Hátt hlutfall fyrirtækja í Hafnarfirði tekur virkan þátt í starfseminni og taka aðildargjöld mið af stærð þeirra. Markaðsstofan er fyrirmynd annarra stofa og eftirsóknarverður samstarfsaðili.
- 4 Leiðir til nýsköpunar og fjölgunar fyrirtækja**
Að tilstuðlan Markaðsstofu Hafnarfjarðar hefur atvinnulíf og nýsköpun blómstrað og fyrirtækjum í Hafnarfirði fjölgað.

Markaðsstofan er fyrir **atvinnulífið í Hafnarfirði**. MSH er fyrir **alla atvinnustarfsemi** og vinnur að **áhugaverðu rekstrarumhverfi** innan Hafnarfjarðar. Hún vinnur að því fyrir **núverandi atvinnustarfsemi** í bænum og **markaðssetur ávinninginn** af staðsetningu atvinnustarfsemi innan Hafnarfjarðar þannig að **nýsköpun, stofnun fyrirtækja og endurstaðsetning fyrirtækja** til bæjarins sé **augljós góður kostur** fyrir rekstur, ímynd og ánægju af atvinnurekstri.

Stöðugir tekjustofnar

Til þess að stefna MSH skili góðum árangri þarf að vinna og viðhalda góðum grunni tekjustofna sem geta staðið undir starfsemi stofunnar enda hafi hún ótvírætt gildi í atvinnulífi bæjarins.

- Fjárhagslegur stöðugleiki
- Sjálfbær markaðsstofa
- Virkir tekjustofnar

Mikilvægt hlutverk

Til þess að stefna MSH sé árangursrík, að mati þátttakenda, þá þarf að skýra hlutverkið gagnvart Hafnarfjarðarbæ, mun betur en nú liggur fyrir.

- Uppbygging og framþróun atvinnulífs í Hafnarfirði
- Skýrt hlutverk við atvinnuþróun og nýsköpun
- Þjónustuverkefni fyrir HFJ sem getur gert meira í einu

Flóðlýst markaðsstofa

Til þess að stefna MSH skili árangri þarf hún að miða ákveðið að því að auka sýnileika stofunnar sem verður auðveldara eftir því sem hlutverk hennar er skýrara og ávinningur af störfum hennar er áþreifanlegri.

- Íbúar, fyrirtæki og stjórnarsýsla sjái raunverulegan ávinning með MSH
- Aukinn sýnileiki sem fjölgar aðildarfélögum og eykur þannig tekjur

Innihaldsríkt samstarf

Fjórða mikilvægasta viðfangsefnið í stefnu MSH, að mati þátttakenda, er að auka áherslu á samstarf við hagaðila til að stofan geti gert meira fyrir minna.

- Fjölbreytt og áhugaverð dagskrá til að auka þekkingu og efla tengsl
- Aðstaða fyrir nýsköpunarverkefni
- Skýrt skilgreind og afmörkuð samstarfsverkefni fyrir ákveðinn tilgang

Þjónusta fyrir tekjur

Fimmta mikilvægasta viðfangsefnið í stefnu MSH, að mati þátttakenda, er að þjónusta stofunnar sé tekjumyndandi og feli í sér verðmætasköpun fyrir atvinnulífið í bænum.

- Námskeið
- Ráðgjöf
- Húsnæðisleit

1

Hjá MSH hefur tekist að vinna eftir stefnu sem hefur vakið eftirtekt fyrir skýran ávinning, með áherslu á að fyrir liggi:

TRAUSTIR TEKJUSTOFNAR

Forgangsstig: 33

TRAUSTIR TEKJUSTOFNAR

Til þess að stefna MSH skili góðum árangri þarf að vinna og viðhalda góðum grunni tekjustofna sem geta staðið undir starfsemi stofunnar enda hafi hún ótvírætt gildi í atvinnulífi bæjarins. Stefnumálið fékk 33 forgangsstig.

Að fókusera á tekjur fékk því 31% af heildarforgangsstigum þátttakenda en forgangsmálefnið í öðru sæti fékk 27% af heildarforgangsstigum í boði.


Hvernig er hægt að treysta tekjustofnana?

- Sjálfbært tekjumódel og aukinn fjöldi aðildarfélaga
- Aðildargjöld miðist við stærð fyrirtækja
- Þjóða einstaklingum sem hafa hug á að stofna fyrirtæki að gerast aðilar
- MSH kemur á samstarfsverkefnum meðal rekstraraðila í bænum

Mikilvægi



Frammistaða



VERKEFNI FYRIR TRAUSTA TEKJUSTOFNA

- Markmiðið er að tryggja fjárhagslegan stöðuleika til lengri tíma:
 - Skoða nýtt tekjumódel og
 - Finna grundvöll fyrir langtímaskuldbindingu bæjarins
- Markmiðið er að MSH verði sjálfbær og verkefnið er að auka tekjur stofunnar svo hún geti verið sjálfbær. Tilgangur verkefnisins er að efla atvinnulíf í Hafnarfirði og efla MSH til þeirra verka. Tekjur verða auknar með
 - því að auka sýnileika
 - aukningu á þjónustu og samstarfi
 - fjölbreyttari tekjustofna í formi styrkja og framlaga frá t.d. stærri fyrirtækjum.
 - fjölgun aðildarfélaga
 - hækkun aðildargjalda
- Markmiðið er auka tekjur MSH og verkefnið til að gera það:
 - Skoða hversu margir eru virkir félagsmenn og ýta við þeim sem eiga eftir að greiða félagsgjöld
 - Setja auglýsingu á Facebook og leggja áherslu á að ná til einyrkja og þeirra sem eru að hugsa um að stofna fyrirtæki
 - Þjóða þeim kynningarafslátt
 - Endurskoða aðildargjöld

2

Hjá MSH hefur tekist að vinna eftir stefnu sem hefur vakið eftirtekt fyrir skýran ávinning, með áherslu á að fyrir liggi:

SKÝRT HLUTVERKASAMBAND MSH OG HAFNARFJARÐARBÆJAR

Forgangsstig: 27

SKÝR SAMLEIKUR STOFUNNAR OG BÆJARINS

Til þess að stefna MSH sé árangursrík, að mati þátttakenda, þá þarf að skýra hlutverkið mun betur en nú liggur fyrir. Málefnið fékk 27 forgangsstig.

Málefnið fékk því 27% af heildarforgangsstigum þátttakenda en forgangsmálefnið í þriðja sæti fékk 18% af heildarforgangsstigum í boði.


Hvernig má skýra sambandið milli MSH og HFJ?

- Við skýrum hlutverk okkar hjá Hafnarfjarðabæ sem endurspeglar starfsemi stofunnar
- Skýrt hlutverk hjá Hafnarfjarðarbæ sem breytir hlutverkinu í Atvinnuþróunar- og nýsköpunarmiðstöð Hafnarfjarðar

Mikilvægi



Frammistaða



VERKEFNI FYRIR SKÝRT SAMBAND

- Markmiðið er að móta uppbyggingu og framþróun atvinnulífs í Hafnarfirði og skýra aðkomu bæjarins í þeirri vegferð til lengri tíma
 - Gerður verði langtímasamningur og stefna við HFJ
- Markmiðið er að leita eftir samtali við HFJ um stofnun atvinnuþróunar- og nýsköpunarmiðstöðvar.
 - Þannig verði hægt að skapa tækifæri fyrir einyrkja og smærri fyrirtæki
- Markmiðið eru skýr verkefni MSH fyrir HFJ:
 - MSH tekur að sér verkefni á vegum HFJ gegn gjaldi er lút að atvinnuuppbyggingu og þjónustu við fyrirtækin í bænum
 - MSH sem einkaaðili sem er tengdur fyrirtækjunum og veitir þeim þjónustu
 - MSH markaðssetur HFJ sem gott svæði fyrir fyrirtækjarekstur
 - MSH sér um að laða að ný fyrirtæki í bæinn

3

Hjá MSH hefur tekist að vinna eftir stefnu sem hefur vakið eftirtekt fyrir skýran ávinning, með áherslu á að fyrir liggi:

AÐ ÁHERSLA Á SÝNILEIKA BEINI FLÓÐLJÓSUM AÐ STARFI STOFUNNAR

Forgangsstig: 19

FLÓÐLÝST MARKAÐSSTOFA

Til þess að stefna MSH skili árangri þarf hún að miða ákveðið að því að auka sýnileika stofunnar sem verður auðveldara eftir því sem hlutverk hennar er skýrara og ávinningur af störfum hennar er áþreifanlegri. Málefnið fékk 19 forgangsstig.

Málefnið fékk því 18% af heildarforgangsstigum þátttakenda en forgangsmálefnið í fjórða sæti fékk 14% af heildarforgangsstigum í boði.

Hvernig má auka sýnileika stofunnar?

- Stofan verður sýnileg í bænum með því að skapa uppbyggjandi umgjörð
- Nýta fjölmiðla og samfélagsmiðla
- Förum í markaðsátak til að kynna stofuna og fjölga aðildarfélögum
- MSH verður frægt á einni nótu eftir svaðalegt viðtal mbl við Thelmu
- Náum auknum sýnileika meðal stjórnsýslu, fyrirtækja, íbúa og kjörinna fulltrúa

Mikilvægi



Frammistaða



VERKEFNI FYRIR AUKINN SÝNILEIKA

- Markmiðið er að íbúar, fyrirtæki og stjórnsýsla sjái raunverulegan ávinning með MSH.
 - Sýnileiki verði aukinn með því að finna skrifstofunni nýjan stað þar sem samstarfsverkefni geti verið sýnilegri og virkari
 - Stofan sýni fram á ávinning og rökstyðji þannig gildi sitt fyrir atvinnulíf bæjarins með mælanlegum hætti
- Markmiðið er auka sýnileika sem fjölgar aðildarfélögum og eykur þannig tekjur
 - Aukinn sýnileiki sannfærir bæjaryfirvöld um nytsemi MSH til frekari uppbyggingar í bænum
 - Sýnileiki sannfærir stærri fyrirtæki um að borga meira og réttlætir hækkun aðildargjalda
- Markmiðið er að auka sýnileika:
 - Til að auka sýnileika ætlum við að ákveða dagsetningu fyrir sumarhátíð MSH þar sem aðildarfélög geta kynnt sína starfsemi. Allir velkomnir. Vekjum athygli á þessum viðburði með góðum fyrirvara, nýtum samfélagsmiðla, fyrir, meðan og eftir viðburðinn. Tilkynningum verður dreift á nokkrum tungumálum.

4

Hjá MSH hefur tekist að vinna eftir stefnu sem hefur vakið eftirtekt fyrir skýran ávinning, með áherslu á að fyrir liggi:

SKILGREINING Á INNIHALDSRÍKU SAMSTARFI VIÐ HAGADILA

Forgangsstig: 15

INNIHALDSRÍKT SAMSTARF

Fjórða mikilvægasta viðfangsefnið í stefnu MSH, að mati þátttakenda, er að auka áherslu á samstarf við hagaðila til að stofan geti gert meira fyrir minna. Málefnið fékk 15 forgangsstig.

Málefnið fékk því 14% af heildarforgangsstigum þátttakenda en fleiri forgangsmálefnið í fimmta sæti fékk 10% af heildarforgangsstigum í boði.

Hvernig er hægt að auka umfang stofunnar með samstarfi?

- Stuðla að vettvangi þar sem aðilar innan MSH deila reynslu af rekstri og svara spurningum áhugasamra. Eflir „ísbrjótsáhrif“
- Halda fyrirlestur þar sem t.d. 3 fyrirtæki geta kynnt starfsemi sína. Hægt að setja upp aðstöðu til að fyrirtækin geti kynnt vöru sína og þjónustu
- Veita aðstöðu og stuðning til að vinna að nýsköpunarverkefnum
- Útbýr fjölbreytta og áhugaverða dagskrá til að auka þekkingu og stuðla að tengslamyndun
- Draga saman fyrirtæki í hagsmunahópa til að sinna ólíkum þörfum fyrirtækja
- Útbúum spennandi leið fyrir félög til að koma með ábendingar og hugmyndir fyrir starfseminu og dagskrána sem er mótuð að miklu leyti í samráði við þau
- Stuðla að samvinnu MSH og annarra markaðsstofa til að fá og deila góðum hugmyndum

Mikilvægi



Frammistaða



5

Hjá MSH hefur tekist að vinna eftir stefnu sem hefur vakið eftirtekt fyrir skýran ávinning, með áherslu á að fyrir liggi:

SKILGREINING TEKJUMYNDAN ÞJÓNUSTUÞÁTTA STOFUNNAR

Forgangsstig: 10

TEKJUMYNDANDI ÞJÓNUSTUÞÆTTIR

Fimmta mikilvægasta viðfangsefnið í stefnu MSH, að mati þátttakenda, er að þjónusta stofunnar sé tekjumyndandi og feli í sér verðmætasköpun fyrir atvinnulífið í bænum. Málefnið fékk 10 forgangsstig.

Málefnið fékk því 10% af heildarforgangsstigum þátttakenda en fleiri forgangsmálefnið í sjötta sæti fékk ekkert af forgangsstig í boði en það var málefnið Kannanir sem fær þá ekki frekari umfjöllun.

Hvaða þjónustu á MSH að veita?

- Munum veita námskeið og ráðgjöf fyrir nýja aðildarfélaga sem ætla að stofna fyrirtæki
- Sér ráðgjöf fyrir erlenda aðildarfélaga
- MSH býður þjónustu við húsnæðisleit

Mikilvægi



Frammistað



VINNUSTOFUR

Vinnustofur eru öflug leið fyrir minni og stærri hópa, sem vilja nýta tímann sinn sem best, til að vinna saman að mikilvægum málum og forgangsraða, taka stöðuna, undirbúa og taka ákvarðanir. Um leið og gengið er útaf vinnustofunni er hægt að byrja að gera.

Á ensku heita vinnustofur „workshops“ og þau sem leiða vinnustofurnar kallast „facilitators“. Við gætum því kallað fundarstjóra á vinnustofu, leiðbeinanda, enda er það verkefnið, að leiðbeina þátttakendum í gegnum ferli sem skilar skýrum niðurstöðum sem hægt er að vinna strax með.

TAKK FYRIR OKKUR!

Kristinn



①
4. ÞÓTTI STÓFA
OG SKIPUL
VERSKUÐUR A
URÐA ÞJÖNUM
7 SAJMSKIPITUM
PINBERA.
SÖTIUM VIÐBU
AMERSU Á EFL
YGLJA MPP
JA.
FYRIR TEKJI
+ VIRKAN ÞÁTT
MKNUEÐI A
I BÆINN OG
FI VIÐ HÍÐ
SAMSTARFI VI
KJUM I BEM
FLEIRI FYRI
SINN OG MS
FA.

SKÝR ÁVINNINGUR

ÖFLUGRAR MARKAÐSSTOFU

Umsjón með vinnustofu

Kristinn Hjálmarsson

Nótera Facilitation

Grandagarði 16

101 Reykjavík

sími: 840 6886

kristinn@notera.is

www.notera.is



MARKAÐSSTOFA
HAFNARFJARÐAR

